í stuttu máli

Leiðbeiningar um skriffinnskuna

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út ýtarlegan bækling með leiðbeiningum um aðflutningsskjöl og frágang aðflutningsskýrslna fyrir innflytjendur og veitir víst ekki af, svo flókið sem kerfið er orðið og skriffinnskan mikil í þessu sambandi.

Bæklingurinn tekur bæði til atriða sem eiga við allar vörusendingar og annarra sem takmörkuð eru við sérstakar sendingar eða sérstakar vörutegundir. Er minnt á í inngangi, að því betur sem aðflutningsskjölin eru úr garði gerð, því minni líkur eru á töfum við tollafgreiðslu, en bæklingnum er dreift ókeypis til innflytjenda á tollstjóraskrifstofunni.

Reynir og hljómsveit í FS

Reynir Sigurðsson og hljómsveit munu standa fyrir sveiflunni í Eff Ess klúbbnum (í Félagsstofnun stúdenta) í kvöld. Sjálfur leikur Reynir á víbrafóninn, en með honum leika Þórður Árnason á gítar, Tómas Tómasson á bassa og Ásgeir Óskarsson á trommur.

Nikulás í Nýja galleríinu

Á laugardag n.k. kl 14.00 opnar Nikulás Sigfússon málverkasýningu í Nýja Galleríinu, Laugaveg 12.

Á sýningunni eru 30 vatnslitamyndir sem allar eru málaðar á s.l. tveim árum. Þetta er þriðja einkasýning Nikulásar.

Sýningin verður opin kl. 14.-20 daglega til 8. september. **Aðgangur er ókeypis.**




Fékk 6000. Toyotavélina að gjöf

Ótrúlegt en satt. Þrátt fyrir allt framboðið, innflutninginn og fjöldaframleiðsluna á fatnaði sauma íslenskar konur enn svo mikið, að bara eitt umboð, Toyota, hefur selt 6000 saumavélar frá því að innflutningur þeirra hófst fyrir tæpum sex árum.

Þegar Þórun Elín Tómasdóttir ætlaði að festa kaup á 6000. vélinni, nýrri og fullkominni rafeindasaumavél 4500 EL, hlaut hún hana að gjöf frá umboðinu ásamt blómvendi. Það var T.Senga forstjóri Bretlandsdeildar Toyotasaumavélaverksmiðjanna sem afhenti Þórunni gjöfina og sést við hlið hennar á myndinni ásamt forstjóra Toyotaumboðsins hér, Jóhanni Jóhannssyni og Sigtryggi Helgasyni.


RIBBON-stóllinn





RIBBON: Stóllinn sem fer sigurför um heiminn, jafnt fyrir unga sem aldna.

Teiknaður af Niels S. Bendtsen og framleiddur af KEBE MÖBLER. Þessi stóll vakti strax athygli fyrir einfalt en um leið fallegt útlit og Museum of Modern Art í New York valdi stól þennan sem sýningargrip.



RIBBON kemur ósamansettur en hver sem er getur sett hann saman án verkfæra. RIBBON getur verið stakur stóll eða raðsófi eða jafnvel sófi með örmum.





JL húsið
Jón Loftsson hf.
Hringbraut 121 Sími 10600



A Zukovsky námskeiði í sal MH

Zukovsky tónleikar í kvöld og á laugardag

18 manna flautusveit flytur nýtt tónverk

Hvorki meira né minna en 18 flautuleikarar frumflytja í kvöld verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson tónskáld á kammertónleikum sem haldnir verða í sal Menntaskólans við Hamrahlíð í sambandi við Zukovsky námskeið á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík. Leiðbeinendur og stjórnendur á námskeiðinu eru bandarískí fiðluleikarinn og hljómsveitarstjórinn Paul Zukovsky og flautuleikarinn Robert Aitken frá Kanada.

Verkið hefur Þorkell samið sérstaklega í tilefni námskeiðsins þetta ár, kallar það R.A. 's Dozen og tileinkar Aitken, sem haldið hefur meistaranámskeið í flautuleik.

Námskeiðið fer fram í MH og sækja það 105 hljóðfæraleikarar frá tíu löndum, en þetta er í fjórða sinn sem Tónlistarskólinn gengst fyrir slíku námskeiði og er talinn mikill fengur að geta gefið fólki kost á að njóta tilsagnar þessara mikilhæfu tónlistarmanna.

Á námskeiðinu nú hefur auk flautunámskeiðsins verið lögð áhersla á flutning stórra hljómsveitarverka frá þessari öld og æfð kammertónlist. Meðal verkefna sem fengist hefur verið við er Petrushka Stravinskys, Organum fyrir hljómsveit eftir Carl Ruggles, Modules eftir Earl Brown, kammertónlist eftir Elliott Carter og Anton Weber og stór verk fyrir flautusveitir.

Kammertónleikarnir í kvöld í MH hefjast kl. 20,30 en lokatónleikar námskeiðsins verða sinfóníutónleikar í Háskólabíói nk. laugardag, 30. ágúst, kl. 14.30. Aðgangur að báðum tónleikunum er ókeypis og öllum heimill.

„Þú og ég" á söngvakeppni í Póllandi

Urðu í fjórða sæti

Söngdúettinn „Þú og ég" varð í 4. sæti í söngvakeppni sjónvarpsstöðva Austur—Evrópu, Intervisionkeppninni, sem að þessu sinni fór fram í Sopot í Póllandi.

„Þú og ég", þe. Helga Möller og Jóhann Helgason fluttu lagið Dans, dans, dans, af plötu Gunnars Þórðarsonar, sem einnig var með í ferðinni og stjórnaði 60 manna hljómsveit sem sá um undirleikinn í lagi hans. Þátttakendur í keppninni voru alls 28, frá öllum löndum Austur—Evrópu, Englandi, Hollandi, Grikklandi, Spáni, Kúbu og þau þrjú frá Íslandi. Sjónvarpað var beint frá keppninni, 16 klukkustundir alls, til allra austantjaldslandanna.

Sigurvegari keppninnar varð enska hljómsveitin Jigsaw, í öðru sæti varð rússneskur dægurlagasöngvari og grísk söngkona í því þriðja og munaði einu atkvæði á henni og íslenska dúettinum.



Gunnar Þórðar, Jóhann og Helga

Pólverjar ætla að bjóða spólu með besta efninu frá keppninni til sýninga í sjónvarpsstöðvum á vesturlöndum og er dúettinn þar á meðal. Einnig verður gefin út kassetta með þessu efni.

Björn Birnir sýnir á Kjarvalsstöðum

Björn Birnir myndlistamaður opnar á morgun málverkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða, en hann lauk á sl. ári MSc prófi frá Ríkisháskólanum í Terre Haute í Indiana í Bandaríkjunum.

Á s.l. ári hélt Björn sýningar í Bandaríkjunum og Kanada, en hefur ekki sýnt á Íslandi síðan 1977, í Norræna húsinu. Í kynningu Charles Reddingtons listfræðings á listamanninum sem gefin hefur verið út með myndum hans í tilefni sýningarinnar segir hann m.a. að þessi tvö ár hafi gert Birni mögulegt að einbeita sér að málverkum sínum og skynja til fulls listamannahæfileika sína.

Hann talar um ný áhrif bandarísks landslags í málverkum hans og andstæður sem hann hafi notað til að ummynda sléttuna í Indiana í viðfeðma íslenska paradís.



Ein af myndum Björns á sýningunni.